



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst



JÆLAVERSLUN

2008

OG JÆLAGJÖFIN «R



**Rannsóknasetur
verslunarinnar**

Háskólinn á Bifröst

Jólaverslun 2008 og jólagjöfin í ár

Skýrsluna unnu Emil B. Karlsson og Kári Joensen, Rannsóknasetri verslunarinnar
Skoðanakönnun: Marta Sigurðardóttir
Hönnun kápu: Auglýsingastofan Einn tveir og þrír
Nóvember 2008

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega beðnir um að geta heimilda.

Efnisyfirlit

Spáð í jólaverslunina	3
1. Kerti og spil.....	4
Hagnýtt í stað munaðar	4
2. Könnun á jólainnkaupum	8
Hvenær byrjar þú á jólainnkaupunum fyrir jólin?.....	8
Hvað eyðir þú hárrí upphæð í jólagjafir?	9
Hvar framkvæmir þú jólainnkaupin?	9
3. Jólagjöfin í ár	10
4. Reglur um skilarétt.....	12

Spáð í jólaverslunina

„Verða einhver jól í ár?“ spurði einn viðmælandi minn þegar leitað var álitis á horfunum í jólaversluninni. Spurningin var sett fram í hálfkæringi í ljósi óvissunnar í efnahagsmálum, en lýsir um leið viðhorfi margra í því ástandi sem lamar bæði hugarástand og framkvæmdagleði landsmanna. Á jólunum gerum við okkur glaðan dag, gleðjum sjálf okkur og okkar nánustu, látum okkur líða vel í faðmi fjölskyldunnar og eyðum aðeins meira en venjulega. Jólunum fylgir því aukin neysla sem rímar illa við aukið aðhald og sparnað á þessum síðustu og verstu tímum. Ætla má að jólaverslunin dragist töluvert saman miðað við undanfarin ár og vöruval gæti orðið annað en undanfarin ár – færast úr dýrari sérvörum í ódýrari og hagnýtari vörur.

Velta í smásöluverslun er góður mælikvarði á neyslu almennings. Á undanförunum árum hefur hvert metið verið slegið af öðru í vexti jólaverslunar sem er í takt við stöðuga þenslu efnahagslífsins. Nú er komið að því að gera má ráð fyrir að raunminnkun verði á veltu í smásöluverslun. Hversu mikil sú lækkun verður er erfitt að spá fyrir um. Venjulega hafa spár um jólaverslunina verið byggðar á þróun verslunar fyrri hluta ársins. Slíkar spár eru haldlitlar að þessu sinni vegna fjármálahrunsins sem átti sér stað í byrjun október og fjármál heimilanna í uppnám á nánast á einni nóttu. Þróun gengismála hefur mikil áhrif á verðlag og aðra þætti í útgjöldum heimilanna og getur því skipt sköpum um hvernig jólaverslunin verður.

Þegar upp er staðið verða samt jólin að þessu sinni örugglega hátíðlegri og kærkomnari en nokkru sinni fyrr og öðrum gildum í samskiptum okkar betur sinnt en áður.

Emil B. Karlsson

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

1. Kerti og spil

Eftir mikinn vöxt í jólaverslun undanfarin fjögur ár, lítur núna út fyrir samdrátt sem á rætur að rekja til verðhækkana, minnkandi kaupmáttar og vaxandi greiðslubyrði af lánum. Óvissa í fjármálum heimilanna auk ótryggs atvinnuástands og almennrar óvissu um þróun fjármála eftir hruns fjármálakerfisins er einnig líkleg til að draga úr neyslu.

Venjulega breytist neyslumynstur ekki mjög hratt þó sveiflur verði í efnahagslífinu. En þegar breytingar verða eins snöggar og harkalegar og nú hefur orðið, er erfitt að sjá fyrir hversu hratt einkaneysla dregst saman og spá fyrir um hver þróun einkaneyslunnar verður. Vísbendingar eru þó um að óvissan í efnahagsmálum leiði til snöggs samdráttar í neyslu. Þrátt fyrir stöðu mála er næsta víst að kveðskapurinn sé enn í fullu gildi þar sem segir „Allir fá þá eitthvað fallett, í það minnsta kerti og spil“.

Hagnýtt í stað munaðar

Rannsóknasetur verslunarinnar gerir ráð fyrir að jólainnkaup landsmanna breytist bæði á þann hátt að neytendur verji minna fé til jólainnkaupa að raunvirði og líklegt er að áherslubreyting verði við vöruval. Í stað þess til dæmis að kaupa dýrt rafmagnstæki fyrir fjölskylduna í jólagjöf verði keypt borðspil sem sameinar fjölskylduna á einfaldan hátt.

Þá er ólíklegt að fólk fari í eins miklum mæli til útlanda til að gera jólainnkaupin eins og undanfarin ár þegar skráning gengisins var hagstæðari. Á sama tíma er vart við mikinn áhuga erlendra ferðamanna sem hingað koma í innkaupaferðir fyrir jólin. Sumir verslunareigendur telja að innkaup útlendinga fyrir jólin vegi töluvert upp á móti samdrætti í neyslu Íslendinga. Útlendingar kaupa jafnvel dýrari vörur, sem Íslendingar sniðganga.

Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslunin dragist saman um 7,5% að raunvirði. Talsverð óvissa er í þessu mati en gert er ráð fyrir því að samdrátturinn verði á bilinu 5 – 10%.

Raunar má segja að þetta sé frekar ágiskun en spá vegna hinnar miklu óviss um neyslumynstur fyrir þessi jól. Ef aðeins er horft til þróunar smásöluverslunar á fyrri hluta ársins og jólaverslunin metin með hliðsjón af því, sem er sú aðferð sem venjulega er notuð við slíka spá, þá yrði samdrátturinn 5,7% að raunvirði og ykist um 9,3% á breytilegu verðlagi.


Þeir þættir sem hafa áhrif til lækkunar umfram þetta eru eftirtaldir:

- Væntingavísitala Gallup lækkaði um 44% frá október 2007 til október 2008
- Kaupmáttur launa rýrnaði um 4,2% á fyrstu níu mánuðum þessa árs.
- Raunlækkun var í veltu greiðslukorta innanlands um 4,6% á fyrstu níu mánuðum ársins
- Almenn óvissa ríkir í atvinnu- og efnahagsmálum

Jákvæðu þættirnir í jólaversluninni frá sjónahóli verslunarinnar eru einkum tveir:

- Íslendingar fara líklega alls ekki í innkaupaferðir til annarra landa fyrir þessi jól
- Mikil aukning er í komu útlendinga til Íslands til að gera jólainnkaupin

Mynd 1. Árleg breyting á veltu jólaverslunar (nóv. og des.) að raunvirði frá árinu 2002 til 2007 og spá um jólaverslunina 2008



Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2008 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

Með hliðsjón af spá Rannsóknaseturs verslunarinnar má gera ráð fyrir að velta í smásöluverslun í nóvember og desember aukist á breytilegu verðlagi um 7,3% frá því í fyrra. Það felur í sér að veltan í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæpir 59 milljarðar kr. án virðisaukaskatts eða liðlega 69 milljarðar kr. með virðisaukaskatti.

Í þessu ljósi er áætlað að verslun vegna jólanna (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði rúmlega 13,5 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali um 43.000 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans. Í fyrra var þessi upphæð um 40.000 kr.


Tafla 1. Áætluð velta í smásöluverslun í nóv. og des 2008 með vsk.

Flokkur	Velta m.vsk. (millj.kr.)	Þar af vegna jóna (millj.kr.)	Sala á hvern landsmann	Þar af vegna jóna
Smásala alls	69.250	13.529	220.360	43.050
- dagvörur	29.085	5.682	92.551	18.081
- sérvörur	40.165	7.847	127.809	24.969

Áætlun: Rannsóknasetur verslunarinnar

Þó ætla megi að samdráttur verði í magni í jólaversluninni má gera ráð fyrir að veltan aukist að krónutölu frá því í fyrra. Ástæðan er mikil hækkun verðlags að undanfögnu. Í spánni er gert ráð fyrir 16% verðbólgu í desember, sem er að öllum líkindum varfærnisleg áætlun. Þannig er því spáð að veltan í jólaversluninni aukist um rúmlega 4 milljarða milli ára án virðisaukaskatts.


Mynd 1.2 Árleg velta í millj.kr. á breytilegu verðlagi í nóv. og des. í smásölu frá árinu 2001 og spá um veltu 2008



Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2008 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

Eins og áður segir spáir Rannsóknasetur verslunarinnar því að jólaverslunin dragist saman um 7,5% á föstu verðlagi, þó óvissan sé töluverð. Eins og kemur fram á myndinni hér að neðan er það í fyrsta sinn frá 2002, en þá varð lítisháttar samdráttur að raunvirði miðað við árið á undan. Ef spá Rannsóknasetrusins gengur eftir verður jólaverslunin að raunvirði heldur minni en hún var árið 2005.

Mynd 1.3 Árleg velta í millj.kr. á föstu verðlagi í nóv. og des. í smásölu frá árinu 2001 og spá um veltu 2008



Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2008 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

2. Könnun á jólainnkaupum

Jólapakkarnir í ár verða ekki eins veglegir og í fyrra. Fólk hyggst verja mun minna til jólagjafa núna en fyrir ári síðan. Jólagjafainnkaupin hefjast fyrr en áður og eiga sér stað í meira mæli hér heima en erlendis. Þetta er meðal niðurstaðna úr árlegri könnun á jólagjafainnkaupum landsmanna.


Könnunin fór fram frá 31. október til 3. nóvember síðastliðinn og náði til 606 manns á aldrinum 18 – 75 ára. Könnunin var gerð meðal viðskiptavina í verslunarmiðstöðinni Smáralind og í verslunarmiðstöðinni við Brúartorg í Borgarnesi.

Helstu niðurstöður eru eftirtaldar:

- Íslendingar byrjar á jólainnkaupunum fyrr en áður. Nú segjast 33,7% svarenda byrji á jólainnkaupunum tveimur mánuðum fyrir jólin en í fyrra voru það 21%.
- Flestir verja 25 – 50 þús. kr. til kaupa á jólagjöfum, eða 42,2%. Í fyrra sögðust 33,8% verja þessari upphæð og mun fleiri verja lægri upphæðum en þetta til kaupa á jólagjöfum.
- Minna er um það að jólainnkaupin fari fram erlendis en undanfarin ár. Nú segjast 83,3% eingöngu gera jólainnkaupin hér á landi en í fyrra voru það 70,1%.

Hvenær byrjar þú á jólainnkaupunum fyrir jólin?


Flestir Íslendingar hefja jólainnkaupin um tveimur mánuðum fyrir jólin, eða 33,7%. Álíka margir, eða 30,5%, bíða þó til desembermánaðar með að kaupa inn fyrir jólin. Svo virðist sem landsmenn hefji jólainnkaupin mun fyrr nú en í fyrra. Um 19%



fleiri byrja á að gera jólainnkaupin fyrir desembermánuð heldur en í fyrra. Að sama skapi eru mun færri sem bíða með jólainnkaupin þar til síðustu dagana fyrir jólin heldur en í fyrra. Í fyrra sögðust 17,4% gera jólainnkaupin eftir 15. desember en í ár segjast 10,1% gera jólainnkaupin seinni hluta desembermánaðar.

Hvað eyðir þú hárrí upphæð í jólagjafir?


Flestir áætla að verja alls á bilinu 25 – 50 þús. kr. til kaupa á jólagjöfum í ár, eða 42,2%. Í fyrra sögðust 33,8% verja þessari sömu upphæð til jólagjafakaupa. Nú segjast 24,4% áætla að eyða minna en 25 þús. kr. í jólagjafir en í fyrra voru það 20%. Þá er



mun lægra hlutfall þeirra sem segjast áætla að eyða meira en 25 þús. kr. í jólagjafir nú en í fyrra. Í fyrra áætluðu t.d. 8,2% að þeir myndu verja 100 – 150 þús. kr. til kaupa á jólagjöfum en núna eru það aðeins 2,1%.

Hvar framkvæmir þú jólainnkaupin?

Langflestir Íslendingar, eða 83,3%, áætla sér að versla á Íslandi fyrir þessi jól. Í fyrra sögðust 70,1% landsmanna gera öll jólainnkaup hér heima og 21,6% að hluta til erlendis. Nú segjast hins vegar 11,9% gera jólainnkaupin að hluta til erlendis.



Athyglisvert er að jólainnkaup um netið eru mjög lítil og hafa verið svipuð í þeim könnunum sem gerð hafa verið síðastliðin þrjú ár. Nú segjast 1,7% gera jólainnkaupin að einhverju eða öllu leyti um netið. Í fyrra var hlutfallið 1,6%.

Hafa ber í huga við samanburð á niðurstöðum á könnunum sem gerðar voru á þessu ári og í fyrra að í fyrra var gerð símakönnun með úrtaki úr þjóðskrá en í ár fór könnunin fram í tveimur verslunarmiðstöðum önnur á höfuðborgarsvæðinu og hin á landsbyggðinni. Þessi mismunur á aðferðum kann að hafa sett mark sitt á niðurstöðurnar.

3. Jólagjöfin í ár

Jólagjöfin í ár er **íslensk hönnun**. Þetta er mat dómnefndar sem skipuð var valinkunnum einstaklingum sem allir tengjast að einhverju leyti vöruþekkingu og neytendahegðun. Að þeirra mati má ætla að úr jólapökkum landsmanna komi bæði harðir og mjúkir pakkar sem gætu m.a. innihaldið íslenskar ullarvörur, skartgrip, nytjahluti, fjölskylduspil, tiskufatnað og aðrar vörur með íslensku handbragði. Eitt er víst, að allir finna eitthvað fallett sem hæfir bæði fjárhag og smekk. Dómnefndin hafði eftirfarandi forsendur við mat á jólagjöfinni í ár:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Vara sem er ný eða hefur vakið nýjan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum

Íslensk hönnun fellur vel að öllum þessum forsendum. Íslenskir hönnuðir hafa vakið athygli fyrir frumleg efnistöð og nýsköpun. Vörur þeirra seljast sem aldrei fyrr og falla sannarlega vel að þeim sérstaka tíðaranda sem nú ríkir. Íslendingar eru kröfuharðir neytendur og láta ekki bjóða sér hvað sem er. Í því umhverfi þrífast aðeins hönnuðir með mikla fagkunnáttu.

Valið á jólagjöfinni í ár var auðvelt. Þrátt fyrir að á annað hundrað mismunandi hugmyndir bærust var dómnefndin fljót að komast að niðurstöðu og á einu máli um að sú jólagjöf sem Íslendingar myndu helst velja fyrir þessi jól væri **íslenska hönnun**.



Efnt var til hugmyndasamkeppni um hver yrði jólagjöfin í ár á Vísindavöku sem Háskólinn á Bifröst tók þátt í 26. september sl. Hátt á annað hundrað hugmyndir bárust. Auk þess lögðu nemendur við Háskólann á Bifröst til ýmsar áhugaverðar hugmyndir.



Dómnefndin skipuðu, frá vinstri:

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, verkefnisstjóri markaðsmála í Smáralind
Arnar Gauti Sverrisson, sjónvarpsmaður á Skjá Einum
Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna
Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands
Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf.

4. Reglur um skilarétt

Viðskiptaráðuneytið lét árið 2000 gera verklagsreglur um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur. Verslunum er ekki skylt að hlíta reglunum heldur geta sett sér eigin reglur. Hér er útdráttur úr reglunum, en nánar má sjá þær á vef SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (www.svth.is, veljið málaflokkar / skjalasafn / lög og reglugerðir) eða á vef viðskiptaráðuneytis (www.idnadarraduneyti.is/afgreidsla/almennt/nr/1344).

1. gr. Skilaréttur

Seljandi sem ákveðið hefur að veita neytendum skilarétt á ógallaðri vöru skal á starfsstöð sinni, svo og við sölu og afhendingu á vöru gefa skriflega og á aðgengilegan hátt upplýsingar um þann skilarétt.

2. gr. Skilafrestur

Í neytendakaupum er heimilt að skila vöru innan a.m.k. 14 daga frá því að hún er afhent, enda sé kassakvittun eða sambærilegri sönnun framvísað. Ákvæði þetta takmarkar þó aldrei betri rétt sem neytendur kunna að eiga samkvæmt lögum eða samningi við seljanda.

3. gr. Gjafamerki

Gjafir skal vera hægt að fá merktar með gjafamerki og þá sé ekki þörf á að framvísa kassakvittun þegar vöru er skilað. Jólagjafamerki skulu miðast við að varan sé afhent 24. desember.

4. gr. Verð

Við skil vöru skal miðað við upprunalegt kaupverð vörunnar, sbr. þó 8. gr.

5. gr. Inneignarnótur

Verði ekki samið um endurgreiðslu eða nýja vöru í stað þeirrar sem skilað er á neytandi rétt á inneignarnótu. Með inneignarnótu er átt við heimild til úttektar ótilgreindrar vöru fyrir tiltekna fjárhæð. Gildistími inneignarnótu gagnvart seljanda og þeim sem hann kann að framselja verslunarrekstur sinn til er fjögur ár nema annað sé tekið fram á inneignarnótunni, þó aldrei skemmri en eitt ár.

6. gr. Gjafabréf

Gjafabréf sem seljandi gefur út skulu dagsett og halda gildi sínu gagnvart seljendum í fjögur ár frá útgáfudegi, svo og gagnvart þeim er hann kann að framselja verslunarrekstur sinn til.

7. gr. Útsölu

Skilaréttur gildir ekki um vöru sem keypt er á útsölu nema um annað sé sérstaklega samið.

8. gr. Skil vöru á útsölu

Sé vara keypt innan 14 daga fyrir upphaf útsölu skal við skil hennar eftir að útsala hefst miða við verð vörunnar á útsölnni nema seljandi samþykki aðra verðviðmiðun. Neytandi á þó ávallt rétt á inneignarnótu og skal þá miðað við upprunalegt kaupverð vörunnar.

9. gr. Notkun inneignarnótu á útsölu

Inneignarnótu sem gefin hefur verið út innan 14 daga fyrir útsölu eða meðan útsala stendur er ekki heimilt að nota á útsölnni nema með samþykki seljanda.

10. gr. Skilaréttarmerkið

Til viðbótar við upplýsingagjöf seljenda um skilarétt til neytenda skv. 1. gr. eru seljendur sem beita þessum lágmarksreglum hvattir til að gefa neytendum til kynna rétt sinn með einföldu og skýru merki í versluninni, auglýsingum eða á annan hátt.

Helstu niðurstöður

- Spáð er að jólaverslunin dragist saman um 7,5% að raunvirði. Mikil óvissa er þó í þessari spá.
- Með hliðsjón af spánni er áætlað að verslun í nóvember og desember verði rúmlega 13,5 milljarðar kr. umfram meðaltal annarra mánaða ársins.
- Þannig mun hver Íslendingur verja að meðaltali um 43.000 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans. Í fyrra var þessi upphæð um 40.000 kr.
- Samkvæmt könnun ætla Íslendingar að verja lægri upphæðum til kaupa á jólagjöfum nú en í fyrra. Algengast er að hver fullorðinn verji 26 –75 þús. kr. til kaupa á jólagjöfum.
- Íslendingar byrja á jólainnkaupunum fyrr en á síðasta ári.
- Jólagjöfin í ár er íslensk hönnun.

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfraðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunarfyrirtækja í landinu.

Rannsóknasetur verslunarinnar

Háskólanum á Bifröst, 311 Borgarnesi, sími 433 3000, www.rsv.bifrost.is

Gefið út í nóvember 2008